

**Afstaða ríkissaksóknara til kæru**  
skv. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála

- Kærandi:* Árni Guðmundsson, f.h. Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum.
- Kæra:* Móttekin 9. nóvember 2010.
- Númer máls:* 032-2010-3845.
- Efni:* Kæra á hendur ótilgreindum aðilum fyrir meint brot á áfengislögum nr. 75/1998.
- Krafa:* Að endurskoðuð verði ákvörðun löggreglustjórans í Vestmannaeyjum, dagsett 26. október 2010, um að hætta rannsókn á ofangreindu málí með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008.
- Gögn:* Löggreglustjóra var skrifað bréf þann 9. nóvember 2010 og bárust rannsóknargögn þann 19. nóvember 2010.

*Málavextir:*

Þann 11. september 2010 ritaði Árni Guðmundsson, formaður foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum (kærandi) löggreglustjóranum í Vestmannaeyjum tölvupóst og lagði fram kæru vegna brota gegn áfengislögum dagana 30. júlí – 2. ágúst á þjóðhátið í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum.

Í tölvupósti kæranda kemur fram að samtökunum hafi borist fjöldi ábendinga og kvartana vegna ólöglegra áfengisauglýsinga á þjóðhátið í Vestmannaeyjum í ár. Voru ólöglegar áfengisauglýsingar sýndar á risaskjá auk þess sem beinar og óbeinar áfengisauglýsingar voru út um allt. Að mati samtakanna væri um að ræða augljós brot á 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

*Rök:*

Málið var rannsakað með hliðsjón af því hvort ætlað brot varðaði við 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Fyrir liggur að auglýsingar merktar Tuborg voru víða á hátíðinni. Meðal annars voru slíkar auglýsingar við svokallað stóra svið. Við rannsókn málsins aflaði löggregla nokkurra mynda af greindum auglýsingum. Á myndunum má sjá að á auglýsingunum kemur fram orðið „léttöl“.

Í 1. mgr. 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 segir: *Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu.*

Í 3. mgr. sama ákvæðis segir enn fremur: *Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga*

*sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.*

Með vísan til 3. mgr. 20. gr. áfengislaga er það mat ríkissaksóknara að greindar auglýsingar fari ekki í bága við 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 og þykir því ekki vera nægilegur grundvöllur fyrir frekari rannsókn málsins.

*Niðurstaða:*

Ákvörðun lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, dags. 26. október 2010, um að hætta rannsókn á ofangreindu máli með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, er hér með staðfest.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 26. nóvember 2010.

Valtýr Sigurðsson

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir  
aðstoðarsaksóknari

Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum  
Árni Guðmundsson

*Afrit:*  
*Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum.*